



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Laugavegur 24
15 - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2005
Tilvísun: UST20040600120/sf

Efnistaka ofan Þórstaðanámu í Ingólfssjalli. Frekari umsögn.

Skipulagsstofnun óskaði með tölvupósti þann 25. apríl sl. eftir frekari umsögn Umhverfisstofnunar vegna svara framkvæmdaraðila við umsögn Umhverfisstofnunar dags. 18. apríl sl. Einnig í ljósi svara framkvæmdaraðila við fyrirspurn Skipulagsstofnunar um umfang, efnismagn, röskun vegna efnistöku skv. 1. áfanga miðað við núverandi aðstæður og frágang svæðis skv. 1. áfanga.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur m.a. fram að framkvæmdaraðili telur að ekki hafi myndast geil í fjallið við ýtingu á efni árið 2004 heldur hafi hún verið fyrir í fjallinu frá náttúrunnar hendi. Hins vegar sé sjáanleg litabreyting á rásinni þar sem efni sé ýtt niður um hana. Þá telur framkvæmdaraðili það ekki til bóta umhverfislega séð að gera eystri rásina virka fyrir 1. áfanga þar sem töluvert þurfi að ryðja niður á því svæði til að ná efni niður á ámokstursplan. Umhverfisstofnun telur að efnistaka skv. 1. og 2. áfanga muni hafa í för með sér veruleg sjónræn áhrif og breyta ásýnd fjallsins. Stofnunin telur það ekki til bóta að raska frekar hlíð fjallsins neðan við svæðið sem afmarkað er sem 1. áfangi og raska síðan hlíðinni með annari rás vegna efnistöku í 2. áfanga.

Eins og fram kemur á loftmynd í greinargerð framkvæmdaraðila nær efnistökusvæði 1. áfanga að eystri rásinni og því ætti öll ýting að fara fram á svæði sem fyrirhugað er að raska. Að vísu yrði um talsvert lengri ýtingu að ræða en ef vestari rásin yrði notuð. Efnistaka í 1. áfanga er tillitlulega lítil þannig að ef efnistöku verður hætt að þeim áfanga loknum ætti að vera unnt að ganga frá svæðinu þótt eystri rásin verði notuð. Ef framhald verður á efnistökkunni hverfa öll ummerki efnistöku 1. áfanga. Ekki er verið að raska nýju svæði ef eystri rásin verður nýtt þar sem svæðið sem ætlað er undir eystri rásina hefur þegar verið raskað að stórum hluta.

Umhverfisstofnun telur framkvæmdaraðila ekki hafa sýnt ótvírætt að nýting eystri rásarinnar í tengslum við 1. áfanga sé neikvæð umhverfislega séð.


Stofnunin telur að umhverfisáhrif efnistöku 1. áfanga séu fyrst og fremst vegna neikvæðra sjónrænna áhrifa á fjallshlíðina vegna ýtingar efnis fram af fjallsbrúninni. Umhverfisstofnun telur að leita verði annarra leiða til að koma efni fram af fjallinu þegar efnistaka hefst í 1.


áfanga þannig að ekki verði spillt klettabeltinu neðan fyrirhugaðs efnistökusvæðis.

Framkvæmdaraðili segir m.a. að taka megj undir með Umhverfisstofnun að seinni áfangi fyrirhugaðrar efnistöku geti haft umhverfisáhrif í för með sér enda efnismagn yfir þeim mörkum sem miðað er við í lögum nr. 106/2000. Það sé hins vegar mat framkvæmdaraðila að fyrri áfangi framkvæmdarinnar sé ekki líklegur til að hafa veruleg umhverfisáhrif í för með sér til viðbótar því raski sem nú þegar hefur átt sér stað á svæðinu.

Það heildarmagn sem áætlað er að taka skv. tilkynningu um framkvæmdina er 2.045.000 m³ sem er vel yfir viðmiðunarmörkum í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur að þrátt fyrir að framkvæmdaraðili hyggist áfangaskipta framkvæmdinni verði við mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar efnistöku að meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar í heild sinni en ekki umhverfisáhrif 1. áfanga annars vegar og 2. áfanga hins vegar (þ.e. hvors áfanga fyrir sig).

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson


Helgi Jónsson
Forstöðumaður